

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 11. júní 2014 í máli nr. X-159/2013:

LBI hf.

(Guðmundur Óli Björgvinsson hrl.)

gegn

þrotabúi BG Holding ehf.

(Sigurður Kári Kristjánsson hdl.)

Mál þetta var þingfest 20. desember 2013 og tekið til úrskurðar 14. maí sl. Sóknaraðili er LBI hf., kt. [...], áður Landsbanki Íslands hf., Álfheimum 74, Reykjavík. Varnaraðili er þrotabúi BG Holding ehf., kt. [...], Lækjargötu 2, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að viðurkenndur verði eignarréttur hans í peningum í vörslum varnaraðila sem endurgreiddir hafa verið eða verða síðar endurgreiddir vegna staðgreiðslu af fjármagnstekjum sem dregin var af bankareikningum varnaraðila nr. 0106-38-200124 og 0111-15-380723. Til vara krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að veðréttur hans í innstæðum á bankareikningum varnaraðila nr. 0106-38-200124 og 0111-15-380723 samkvæmt handveðsyfirlýsingum, 9. júlí og 15. september 2008, nái til peninga sem endurgreiddir hafa verið eða verða síðar endurgreiddir vegna staðgreiðslu af fjármagnstekjum sem dregin var af innstæðu reikninganna. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðila verði gert að greiða honum málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

I

Málsatvik

Varnaraðili mun um árabil hafa átt í bankaviðskiptum við sóknaraðila sem einkum fólst í lánaþyrirgreiðslu sóknaraðila til varnaraðila. Varnaraðili átti innstæður á tveimur innlánsreikningum hjá sóknaraðila, nr. 0160-38-200124, en innstæður á honum voru í breskum sterlingspundum, og nr. 0111-15-380723, en innstæður á þeim reikningi voru í íslenskum krónum. Með handveðsyfirlýsingum 9. júlí og 15. september 2008 var sóknaraðila veitt handveð í innstæðum reikninganna til tryggingar skuldum varnaraðila

Fram til 9. október 2008 voru innstæðurnar á innlánsreikningum hjá sóknaraðila. Við stofnun Nýja Landsbankans hf., nú Landsbankinn hf., fluttust þær frá sóknaraðila og yfir til Landsbankans hf., í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda sóknaraðila til Nýja Landsbanka Íslands hf. Varnaraðili var settur í greiðslustöðvun í Bretlandi 6. febrúar 2009 samkvæmt ákvörðun High Court of Justice í Lundúnum að kröfu skilanevndar sóknaraðila. Voru skipaðir tilsjónarmenn yfir búi varnaraðila að kröfu sóknaraðila. Móðurfélag varnaraðila, Baugur Group hf., var síðan tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 2009.

Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila 19. apríl 2010 að gengið hefði verið að innstæðum á framangreindum innlánsreikningum hans. Tilkynningunni var beint til dómskipaðra tilsjónarmanna varnaraðila í Bretlandi. Degi síðar, 20. apríl 2010, óskaði sóknaraðili eftir því við Landsbankann hf. að innstæður á innlánsreikningum varnaraðila yrðu millifærðar á bankareikninga sóknaraðila og að innlánsreikningarnir yrðu í kjölfarið eyðilagðir. Var það gert dagana 21. apríl 2010 og 4. maí 2010. Annars vegar var um að ræða innstæðu að fjárhæð 11.307.552.028 krónur af reikningi nr. 0160-38-200124 og hins vegar innstæðu á reikningi nr. 0111-15-380723 að fjárhæð 4.647.726.732 krónur. Þau innlán sem voru veðsett sóknaraðila báru öll vexti. Frá því að innstæðurnar á bankareikningnum voru veðsettar fékk varnaraðili greiddar 758.391.672 krónur og 1.453.505,27 bresk pund í vexti. Af þessum fjárhæðum var greidd staðgreiðsla vegna fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 90.664.940 og 160.142,38 bresk pund. Voru þessar fjárhæðir fyrst greiddar inn á bókhaldslykil hjá Landsbankanum hf. sem jafnframt var vörslumaður veðsins fyrir sóknaraðila en síðan inn á reikning tollstjórans í Reykjavík hjá sama aðila.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. mars 2012 var bú BG Holding ehf. tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabú varnaraðila með kröfulýsingu 21. maí 2012. Krafan byggðist meðal annars á lánsamningi nr. 10524, frá 19. desember 2007, milli Landsbanka Íslands hf., sem lánveitanda, BG Holding ehf., sem lántaka, og Baugs Group hf., sem ábyrgðaraðila. Höfuðstólsfjárhæð lánsamningsins nam 28.000.000.000 króna. Í kröfulýsingu sóknaraðila kom fram að við útreikning kröfu vegna lánsamnings nr. 10524 hafi meðal annars verið tekið tillit til innborgana 21. apríl 2010 af reikningi nr. 0111-15-380723, á grundvelli handveðsyfirlýsingar frá 15. september 2008 að fjárhæð 4.647.726.732 krónur og 21. apríl og 4. maí 2010 af reikningi nr. 0106-38-200124, á grundvelli handveðsyfirlýsingar frá 9. júlí 2008, að fjárhæð 57.787.164,92 bresk pund. Munu þessar innborganir vera þær innstæður sem sóknaraðili gekk að á grundvelli handveðsyfirlýsinganna.

Skiptastjóri varnaraðila hafnaði kröfu sóknaraðila og andmælti sóknaraðili þeirri afstöðu bréflaga 21. júní 2012. Mótmælin voru ítrekuð á skiptafundi sem haldinn var í þrotabúinu 22. júní 2012 til að fjalla um lýstar kröfur í samræmi við 120. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Á skiptafundinum gerði skiptastjóri kröfuhöfum grein fyrir því að hann hefði notið liðsinnis löggilts endurskoðanda við athugun á bókhaldi varnaraðila. Hefði sú athugun leitt í ljós að svo virtist sem varnaraðili ætti inneign á fjármagnstekjuskatti, en ekki hefðu verið staðin skil á skattframtölum gjaldárin 2009, 2010 og 2011 í framtalsfresti fyrir viðkomandi ár og varnaraðili hafi því sætt áætlun opinberra gjalda við álagningu vegna þeirra gjaldára. Skiptastjóri greindi frá því að hann hygðist innheimta

fjármagnstekjuskattinn fyrir varnaraðila.

Skattframtölum varnaraðila fyrir framangreind gjaldár var skilað til ríkisskattstjóra og þess óskað að álagning vegna þeirra yrði byggð á framlögðum skattframtölum í stað áætlaðra skattstofna, sbr. ákvæði 101. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með úrskurði ríkisskattstjóra 13. nóvember 2012 varð embættið við beiðni varnaraðila um að álagning fyrir gjaldárið 2009 yrði byggð á innsendu skattframtali varnaraðila í stað áætlaðra tekjustofna og skyldi samkvæmt því endurgreiða varnaraðila fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum, samtals 36.623.477 krónur. Á grundvelli úrskurðarins greiddi embætti tollstjóra varnaraðila 33.644.688 krónur 16. nóvember 2012. Ekki hefur enn verið tekin afstaða til erindis varnaraðila vegna annarra gjaldára.

Haldinn var fundur vegna ágreinings um kröfu sóknaraðila 23. nóvember 2012 en ekki tókst að jafna ágreining aðila. Á skiptafundi 29. nóvember 2012 lagði skiptastjóri fram upplýsingar um endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts til varnaraðila. Kom þar fram það sjónarmið sóknaraðila að hann kynni að eiga veðrétt í hinum endurgreidda fjármagnstekjuskatti. Var þeirri afstöðu sóknaraðila andmælt af hálfu skiptastjóra varnaraðila. Skoraði hann á sóknaraðila að leggja fram gögn til stuðnings sjónarmiðum sínum og var sú áskorun ítrekuð bréflega 13. desember 2012. Í bréfi sóknaraðila sama dag kom fram að sóknaraðili byggði veðrétt sinn á ákvæðum 4. gr. framangreindra handveðsyfirlýsinga. Með bréfi, dags. 19. desember 2012, hafnaði skiptastjóri varnaraðila sjónarmiðum sóknaraðila.

Með bréfi 3. janúar 2013, móttæknu 4. sama mánaðar, var ágreiningi aðila vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til úrlausnar, sbr. 120. og 171. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. október 2013 var kröfum sóknaraðila hafnað. Sóknaraðili kærði úrskurðinn til Hæstaréttar en með dómi réttarins 28. nóvember 2013 í máli nr. 721/2013 var málinu vísað frá héraðsdómi þar sem dómurinn taldi kröfu sóknaraðila ekki hafa sætt þeirri lögboðnu meðferð sem mælt væri fyrir um í 121. og 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991. Að undangengnum skiptafundi í þrotabúinu 5. desember 2013 og fundi samkvæmt 2. mgr. 120. gr. laganna degi síðar vísaði skiptastjóri varnaraðila ágreiningi aðila til Héraðsdóms Reykjavíkur og krafðist úrlausnar hans með vísan til 171. gr. áðurnefndra laga.

II

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína á því að þegar hann hafi gengið að innstæðum á reikningunum tveimur hafi þær verið veðsettar honum og á þeim tíma hafi hann, eins og nú, átt fjárkröfu á hendur varnaraðila vegna lána til hans og ábyrgðar eins og fram komi í kröfulýsingu. Með því að hann hafi gengið að innstæðum á bankareikningum varnaraðila nr. 0106-38-200124 og 0111-15-380723 hafi eignarréttur á því sem hafi fallið undir handveðið færst yfir til hans. Hann hafi öðlast eignarrétt yfir öllu hinu veðsetta þ. á m. fjármunum í vörslum þriðja manns, sem í þessu tilfelli hafi verið ríkissjóður. Vegna þessa beri að viðurkenna eignarrétt sóknaraðila í peningum sem dregnir hafi verið af reikningunum vegna staðgreiðslu

og séu í vörslum varnaraðila og jafnframt á þeim peningum sem síðar kunni að berast varnaraðila af sömu ástæðum. Engu máli skipti hvort peningarnir séu nú sérgreindir í vörslum varnaraðila enda hafi varnaraðili veitt þeim viðtöku eftir að varnaraðili var tekinn til gjaldþrotaskipta.

Verði ekki fallist á að eignarréttur yfir peningum í vörslum ríkissjóðs hafi flust yfir til sóknaraðila þegar hann gekk að veðinu byggir sóknaraðili á því til vara að viðurkenndur verði veðréttur í samræmi við varakröfu hans. Til veðréttarins hafi stofnast með handveðsyfirlýsingum og naut hann réttarverndar með því að reikningunum var læst fyrir inn- og útborgunum nema þegar sóknaraðili hafi heimilað útgreiðslu. Sjáist það á framlögðum skjölum í málinu. Þær vaxtatekjur sem varnaraðili hafi haft af bankareikningunum hafi verið veðsettar sóknaraðila, sbr. 4. gr. handveðsyfirlýsinga. Kröfur varnaraðila um endurgreiðslur byggist á staðgreiðslu fjármagnstekna sem hafi komið til vegna reikninganna. Ljóst sé að þeir fjármunir sem vörsluaðili umræddra innstæðna innheimti í samræmi við fortakslaus ákvæði laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu á fjármagnstekjur féllu undir veðrétt sóknaraðila. Þurfi þá einungis að taka afstöðu til þess hvort millifærsla fjármunanna af bankareikningum valdi því að veðréttur sóknaraðila falli niður.

Sóknaraðili kveðst byggja á því að veðréttur hans yfir þeim fjármunum sem hafi verið greiddir falli ekki niður við tímabundna millifærslu þeirra til ríkissjóðs enda sé um að ræða arð af veðinu sem falli óumdeilanlega undir veðrétt sóknaraðila samkvæmt þeim samningum sem í gildi hafi verið á milli sóknaraðila og varnaraðila. Varnaraðila beri skylda til að skila fjármununum til sóknaraðila í samræmi við samninga aðila, sbr. framlagðar handveðsyfirlýsingar. Um þetta sé einnig vísað til meginreglna veðréttar og meginreglu 3. mgr. 7. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð.

Sóknaraðili bendir á að innheimta staðgreiðslu jafngildi ekki endanlegri greiðslu á kröfu til ríkissjóðs heldur sé um skilyrta bráðabirgðagreiðslu að ræða sem háð sé endanlegri ákvörðun um skattskyldu sem eigi sér stað við álagningu ríkisskattstjóra, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts fari því ávallt fram óháð því hvort skattskylda sé til staðar. Ákvæði laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur hafi þau réttaráhrif að skapa íslenska ríkinu tryggingaréttindi í formi staðgreiðslu sem verja megi til greiðslu á tekjuskatti eftir að hann hafi verið lagður á. Byggir sóknaraðili á því að veðréttur hans og réttarvernd hafi ekki fallið niður þrátt fyrir betri rétt íslenska ríkisins hvað þetta varði. Sóknaraðili bendi á í þessu sambandi að hvorki hann né vörslumaður veðsins leysti fjármunina úr veðböndum eða undan réttarvernd með því að greiða þá til varnaraðila. Fjármunirnir hafi verið greiddir til ríkissjóðs vegna þeirrar skyldu vörsluaðilans að halda eftir staðgreiðslu á fjármagnstekjur sem, hvað lögaðila varði, sé skilyrt bráðabirgðagreiðsla upp í tekjuskatt. Þessi lögákveðni forgangur ríkissjóðs sé ekki í eðli sínu greiðsla á skatti heldur í raun form tryggingaréttinda. Sóknaraðili kveðst byggja á því að undir þessum kringumstæðum hafi hvorki vilji sóknaraðila né vörsluaðila staðið til þess að leysa hið veðsetta undan veðréttindum eða réttarvernd. Hvorki veðrétturinn né réttarverndin hafi fallið niður. Bendi sóknaraðili á að ekki sé hægt að styðja brottfall veðréttar hans við ákvæði laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts feli í sér takmörkun á óbeinum eignarréttindum sóknaraðila og eðlilegt sé að skýra reglur þröngt er mæli fyrir um slíka takmörkun. Andlag veðréttindanna sé ekki sú krafa á Landsbankann hf. sem

felst í innistæðu reikningsins sem slíkri heldur hin peningalega eign sem hún feli í sér og hvað það sem sú eign breytist í. Eyðilegging reikninganna hafi því engin áhrif á veðsetninguna. Bendir sóknaraðili á í þessu sambandi að peningarnir hafi ekki verið til frjálsrar ráðstöfunar fyrir sóknaraðila fyrr en eftir úrskurð ríkisskattstjóra. Það hafi verið fyrst eftir þetta sem peningarnir hafi komist í vörslur varnaraðila en honum hafi samkvæmt handveðsyfirlýsingunum verið óheimilt að ráðstafa hinu veðsetta og bar að skila því til sóknaraðila. Þetta gildi þótt peningarnir séu ekki sérgreindir í rekstri varnaraðila enda hafi varnaraðili veitt þeim viðtöku eftir að hann var tekinn til gjaldþrotaskipta.

Sóknaraðili kveðst jafnframt byggja á því að jafnvel þótt réttarvernd hafi fallið niður þá sé veðréttur hans í fullu gildi enda hafi réttarverndin einungis áhrif gagnvart þriðja manni en ekki gagnvart veðsala sjálfum. Um þetta atriði sé vísað til 22. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð og ummæli í greinargerð með frumvarpinu en þar komi fram að vörslusvipting sé skilyrði fyrir réttarvernd en ekki gildisskilyrði veðsamnings. Hvað þetta varði kveðst sóknaraðili jafnframt vísa til 72. gr. og 111. gr. laga nr. 21/1991. Í fyrrnefnda ákvæðinu sé mælt fyrir um að þrotabú taki við öllum réttindum og skyldum þrotaaðila. Í því síðarnefnda sé mælt fyrir um forgangsrétt veðhafa til veðsettra eigna. Í athugasemdum í greinargerð með 111. gr. komi fram að þessi forgangsréttur gildi svo lengi sem réttindin standist riftun samkvæmt 137. og 138. gr. laga nr. 21/1991. Ljóst sé af því sem að framan greini að veðréttur sóknaraðila öðlaðist réttarvernd löngu fyrir það tímamark sem miðað sé við í ofangreindum lagaákvæðum. Sóknaraðili leysi heldur ekki hið veðsetta úr veðböndum eða undan réttarvernd. Byggi sóknaraðili á því að þar sem skilyrði riftunar séu ekki fyrir hendi þá sé veðréttur hans gildur þrátt fyrir að komist verði að þeirri niðurstöðu að réttarvernd hafi fallið niður við millifærslu peninganna út af reikningunum.

Þegar varnaraðili hafi skilað skattframtölum fyrir árin 2008, 2009, 2010, 2011 og 2012 hafi komið í ljós að honum hafi ekki borið að greiða tekjuskatt vegna tekna árána 2008 til 2010. Staðgreiðsla ársins 2008 hafi verið endurgreidd til varnaraðila og samkvæmt áætlun hans muni koma til frekari endurgreiðslna vegna árána 2009 og 2010. Eins og fram hafi komið stafi þeir peningar sem komi til endurgreiðslu frá staðgreiðslu af vaxtatekjum sem veðsettar hafi verið sóknaraðila. Sóknaraðili byggi á því að veðréttur hans nái til þessara endurgreiðslna.

Verði ekki fallist á framangreind sjónarmið byggi sóknaraðili jafnframt á því að allt að einu verði að líta á endurgreiðslu á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem verðmæti sem komi í stað hins upphaflega veðandlags. Hann eigi veðrétt í slíkum verðmætum samkvæmt meginreglum veðréttar á sama hátt og gildi t.d. um tryggingabætur þegar hið veðsetta skemmist eða farist.

Sóknaraðili bendir jafnframt á að afstaða skiptastjóra feli í sér óréttmæta auðgun almennra kröfuhafa á kostnað sóknaraðila sem tryggðs veðhafa. Sama staða gæti auðveldlega komið upp þó veðsali væri ekki ógjaldfær. Þannig gæti aðili auðgast á kostnað tryggðra kröfuhafa sinna ef hann ætti innstæður sem staðgreiðsla væri dregin af sem einhverra hluta vegna myndi ekki kom á móti álögðum tekjuskatti.

Þá byggir sóknaraðili á því að tilvísun til handveðsyfirlýsinga í kröfulýsingu hafi falið í sér lýsingu á veðrétt samkvæmt þeim. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að veðréttur sóknaraðila nái samkvæmt handveðsyfirlýsingunum til peninga sem

dregnir voru af reikningunum vegna staðgreiðslu á fjármagnstekjuskatti leiði það af sjálfu sér að kröfunni var lýst í kröfulýsingu en ekki eftir lok kröfulýsingarfrests. Fari svo að dómurinn telji að kröfulýsingin hafi ekki falið í sér lýsingu á kröfu hvað varðar afdregna staðgreiðslu byggir sóknaraðili á því að fullnægja eigi kröfunni af hinum veðsettu peningum samt sem áður enda séu þeir til í vörslum búsins. Er ítrekað að peningarnir þurfi ekki að vera sérgreindir í vörslum búsins. Vísar sóknaraðili um þetta til 1. mgr. 118. gr., sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili kveðst vísa til almennra meginreglna samninga-, kröfu- og veðréttar. Um friðhelgi eignarréttarins sé vísað til 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Einnig sé vísað til laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, einkum 1., 3. og 4. gr. laganna. Þá vísi sóknaraðili til laga nr. 75/1997 um sammingsveð, einkum 7. og 22. gr. laganna, og til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Málskostnaðarkrafa byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991. Krafa um að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar styðjist við ákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en samkvæmt 10. tölulið 3. mgr. 2. gr. laganna sé sóknaraðili undanþeginn virðisaukaskatti og geti því ekki nýtt sér virðisaukaskatt í rekstri sínum.

III

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila í heild sinni og þeim málsástæðum sem hann byggir á. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili leiði þann rétt sem krafist sé viðurkenningar á af handveðsyfirlýsingu 9. júlí og 15. september 2008 en samkvæmt ákvæðum þeirra hafi það verið innstæður varnaraðila, eins og þær voru á hverjum tíma, sem settar hafi verið sóknaraðila að handveði.

Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sé með „innstæðu“ átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá lánastofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum og millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum. Í þessu felist að varnaraðili hafi átt kröfur á hendur sóknaraðila sem ætlunin hafi verið að veðsetja með framangreindri veðsetningu. Í bankastarfsemi sé hefðbundið að veðsetja innstæður með handveðsyfirlýsingu samhliða öðrum tilhlýðilegum tryggingaráðstöfunum. Málatilbúnaður sóknaraðila sé byggður á því að þær handveðsyfirlýsingar sem sóknaraðili byggir dómkröfur sínar á nái yfir fleiri eignir en umræddar innstæður, þ.e. kröfur varnaraðila á hendur íslenska ríkinu um endurgreiðslu ofgreidds skatts. Sú krafa sé hins vegar almenn krafa í skilningi kröfuréttar. Væri sú krafa veðsett hefði veðsetningin þurft að hafa átt sér stað á grundvelli sammings og ákvæða IV. kafla C í lögum nr. 75/1997 um sammingsveð og í samræmi við þau tilmæli sem þar sé að finna. Slíkri veðsetningu sé hins vegar ekki til að dreifa í málinu.

Endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts feli ekki í sér endurgreiðslu vaxta eða leiðréttingu á vaxtatekjum, heldur felst í henni endurgreiðsla á sköttum sem innheimtir hafi verið af opinberum aðilum lögum samkvæmt.

Fjármagnstekjuskattur sé skattur sem innheimtur sé á grundvelli ákvæða laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skattstofninn sem fjármagnstekjuskatturinn sé reiknaður af sé meðal annars vaxtatekjur. Slíkur skattur geti að mati varnaraðila, lögum samkvæmt, ekki talist undirorpinn eignarrétti sóknaraðila eða háður veðrétti hans. Varnaraðili bendi á að hefði hann staðið í skattskuld við innheimtumann ríkissjóðs, svo sem vegna vangoldinnar staðgreiðslu, virðisaukaskatts, tekjuskatts, eða vegna annarra skatta og opinberra gjalda, hefði innheimtumaður ríkissjóðs ráðstafað inneign fjármagnstekjuskatts til uppgreiðslu á öðrum ógreiddum sköttum varnaraðila. Við slíkar aðstæður sé óhugsandi að sóknaraðili hefði, lögum samkvæmt, getað andmælt slíkri ráðstöfun fjármagnstekjuskatts varnaraðila á grundvelli þess eignarréttar eða veðréttar sem hann teldi sig eiga. Þegar af þeirri ástæðu beri að hafna dómkröfum sóknaraðila.

Samkvæmt meginreglum VI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sé ótvírætt að sóknaraðili hafi sönnunarbyrðina fyrir þeim eignarrétti eða veðrétti sem hann krefjist viðurkenningar á. Varnaraðili telji hann ekki hafa fært fram lögfulla sönnun og beri því að hafna dómkröfum hans.

Varnaraðili krefst þess að aðalkröfu sóknaraðila verði hafnað. Grundvöllur kröfunnar sé í raun óskiljanlegur. Kröfugerðin virðist sett þannig fram að tilvist veðréttar sé bæði forsenda aðal- og varakröfu hans. Á aðalkröfuna verði því ekki fallist nema efni séu til þess að fallast á varakröfuna. Verði að telja aðalkröfu sóknaraðila með öllu örökstudda en auk þess sé hún vanreifuð. Sóknaraðili hafi ekki með nokkrum hætti fært fram lögfulla sönnun fyrir eignarrétti sínum í hinum endurgreidda fjármagnstekjuskatti eða sýnt fram á að slíkur eignarréttur hafi stofnast. Sá eignarréttur sem sóknaraðili krefjist viðurkenningar á styðjist ekki við neinar gildar eignarheimildir. Þannig liggi hvorki fyrir samningar um eignarrétt sóknaraðila á hinum endurgreidda fjármagnstekjuskatti, né styðji réttarheimildir eða aðrar eignarheimildir aðalkröfu hans. Varnaraðili mótmælir því alfarið að leiða megi slíkan eignarrétt sóknaraðila af þeim tryggingarréttindum sem handveðsyfirlýsingunum hafi verið ætlað að tryggja sóknaraðila.

Þeir fjármunir sem sóknaraðili krefjist viðurkenningar á eignarrétti yfir hafi hvorki verið í umráðum eða vörslum sóknaraðila. Þvert á móti hafi umráð og vörslur þeirra ýmist verið á hendi varnaraðila eða opinberra aðila. Hvorugur þeirra hafi haft fjármunina í sínum vörslum og umráðum fyrir eða í umboði sóknaraðila. Í ljósi þess mótmæli varnaraðili því að eignarréttur sóknaraðila í þeim fjármunum sem krafist sé viðurkenningar á hafi nokkurn tíma stofnast. Skorti að öllu leyti á að sóknaraðili hafi haft þær eignarheimildir yfir fjármununum sem leitt geti til þess að á eignarrétt hans yfir þeim yrði fallist, samkvæmt meginreglum eignarréttarins.

Þá kveðst varnaraðili mótmæla því að þegar sóknaraðili hafi gengið að innstæðum varnaraðila og þær verið færðar yfir til sóknaraðila hafi stofnast eignarréttur sóknaraðila á þeim fjármagnstekjuskatti sem varnaraðila hafi síðar verið greiddur. Þegar sóknaraðili hafi gengið að innstæðum reikninganna hafi einungis innstæðurnar, eins og þær hafi verið á þeim tíma á innlánsreikningum varnaraðila í Nýja Landsbankanum hf., færst yfir til sóknaraðila. Um aðra yfurfærslu réttinda eða fjármuna hafi ekki verið að ræða. Því sé mótmælt að með millifærslu innstæðnanna yfir á reikning sóknaraðila hafi stofnast eignarréttur sóknaraðila á öðrum og síðar tilkomnum réttindum en þeim innstæðum sem sóknaraðili hafi gengið að. Þau

tryggingaréttindi sem handveðsyfirlýsingunum var ætlað að tryggja mynduðu ekki eignarrétt sóknaraðila í öðrum og síðar tilkomnum fjármunum sem greiddir hafi verið af þriðja aðila til varnaraðila inn á fjárvörslureikning skiptastjóra hans og án allrar aðkomu sóknaraðila.

Í kjölfar þess að sóknaraðili hafi gengið að innstæðum á innlánsreikningum varnaraðila hafi reikningarnir verið eyðilagðir fyrir tilverknað sóknaraðila. Með fullnustu veðanna og í kjölfar eyðileggingar reikninganna hafi handveðréttur sóknaraðila samkvæmt handveðsyfirlýsingunum fallið niður, enda hafi veðandlögin ekki lengur verið til staðar og þeir innlánsreikningar sem þau hafi verið geymd á og tilgreindir séu í handveðsyfirlýsingunum ekki lengur til. Sóknaraðili beri hallann af því að reikningar varnaraðila hafi verið eyðilagðir, en með eyðileggingu þeirra hafi sóknaraðili girt fyrir að á þeim mynduðust frekari innstæður og þar með frekari réttindi.

Sóknaraðili hafi enga fyrirvara gert eða áskilnað um frekari réttindi er hann hafi gengið að innstæðum varnaraðila á innlánsreikningunum, hvorki gagnvart vörsluaðila innstæðnanna, Nýja Landsbankanum hf., né varnaraðila. Þá hafi sóknaraðili tilkynnt umsjónarmönnum varnaraðila í hinni bresku greiðslustöðvun með bréfi, dags. 19. apríl 2010, að hann hefði gengið að umræddum veðum án fyrirvara um frekari réttindi samkvæmt þeim.

Allt frá þeim tíma, eða í tæp fjögur ár, hafi sóknaraðili ekki gert nokkrar tilraunir til þess að innheimta eða fá umráð og vörslur þeirra fjármuna sem hann krefjist nú viðurkenningar á eignarrétti í. Á þessu tímabili hafi hann engar ráðstafanir gert til að tryggja að skattframtölum varnaraðila yrði skilað til skattýfirvalda, ekki krafði þau um hinn ofgreidda fjármagnstekjuskatt eða tilkynnt þeim um þann eignarrétt sem nú sé krafist viðurkenningar á, kæmi á annað borð til endurgreiðslu. Þá beri gögn málsins með sér að þegar til endurgreiðslunnar kom hafi hvorki embætti ríkisskattstjóra né tollstjóra verið í neinum vafa um hver gæti talið til réttinda yfir henni og hafi hún verið greidd inn á fjárvörslureikning skiptastjóra varnaraðila, enda hafi hún verið eign varnaraðila en ekki sóknaraðila. Með vísan til framangreinds telji varnaraðili ljóst að sóknaraðili eigi ekkert eignarréttarlegt tilkall til þeirra fjármuna sem hann krefjist, heldur séu þeir eign varnaraðila sem varin séu af ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar. Að öllu þessu virtu beri að hafna aðalkröfu sóknaraðila.

Varnaraðili krefst þess að varakröfu sóknaraðila verði hafnað og byggir í fyrsta lagi á því að veðréttur sóknaraðila hafi fallið niður fyrir vanlýsingu, sbr. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991. Varakröfu sóknaraðila hafi aldrei verið lýst í bú varnaraðila. Sóknaraðili hafi m.ö.o. ekki haldið fram réttindum sínum gagnvart varnaraðila með því að krefjast viðurkenningar á veðrétti í þeim fjármunum sem um ræði, hvorki í kröfulýsingu sinni né hafi hann haldið fram þeim réttindum síðar með nýrri kröfulýsingu sem samræmst gæti ákvæðum 117. gr. laganna. Sjónarmið sóknaraðila um að hann kynni að eiga veðrétt í þeim fjármunum sem um ræði kom fyrst fram sex mánuðum eftir að kröfulýsingarfrestur rann út. Sóknaraðili lýsti veðkröfu, sbr. 111. gr. laga nr. 21/1991 í bú varnaraðila vegna lánessamnings og sjálfskuldarábyrgða. Bankareikninganna tveggja og þeirra handveðsyfirlýsinga sem sóknaraðili byggir dómkröfur sínar á sé hins vegar einungis getið í kröfulýsingu sóknaraðila til útskýringar á því að krafa samkvæmt lánessamningi sem ekki varði sakarefni þessa máls, hafi verið lækkuð sem nemi fjárhæð þeirra innstæðna sem

sóknaraðili hafi gengið að á grundvelli handveðsyfirlýsinganna. Kröfu sóknaraðila um að viðurkenndur verði veðréttur hans í hinum endurgreidda fjármagnstekjuskatti var hins vegar ekki lýst samkvæmt ákvæðum 117. gr. laganna.

Varnaraðili kveðst benda á að dómaframkvæmd Hæstaréttar leiði til þess að sá sem vill halda fram veðrétti verði að lýsa inntaki réttarins nánar en með tilvísun til veðsamnings í kröfulýsingu. Skiptastjóri geti ekki viðurkennt réttindi sem engin krafa sé gerð um. Engin skylda hvíli á skiptastjóra gagnvart kröfuhöfum að benda þeim á að aðrir kunni að geta haft uppi frekari kröfur en þeim sem lýst sé. Byggir varnaraðili á því að ríkari skylda hvíli á kröfuhafa að lýsa kröfu sinni með ótvíræðum hætti í kröfulýsingu þegar um sé að ræða óvenjuleg réttindi eins og þau sem sóknaraðili krefjist viðurkenningar á í þessu máli. Sóknaraðila hafi jafnframt verið nauðsynlegt að ráðast í sérstakar aðgerðir gagnvart skattyfirvöldum til að afla verðmætanna sem um sé deilt. Ekkert af þessu hafi sóknaraðili gert. Atvik málsins sýni glögglega að ástæða þess var sú að sóknaraðila kom einfaldlega ekki til hugar að hann ætti réttindi af þessum toga. Skortur á að halda fram réttindum sínum í kröfulýsingu eins og ákvæði gjaldþrotaskiptalaga mæli fyrir um leiði til þeirrar niðurstöðu að varakrafa sóknaraðila sé niður fallin fyrir vanlýsingu með vísan til ákvæða 118. gr. laga nr. 21/1991 og því beri að hafna henni.

Í annan stað byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að þær handveðsyfirlýsingar sem hann byggir kröfur sínar á teljist gildar handveðsetningar samkvæmt meginreglum veðréttar og ákvæðum laga nr. 75/1997 um samningsveð, svo sem 22. gr., og skuli hafa réttaráhrif sem slíkar. Ósannað sé að innlánsreikningar varnaraðila hafi verið læstir eða að ráðstöfun varnaraðila á þeim innstæðum sem á reikningunum hafi verið hafi sætt slíkum takmörkunum sem lög áskilji að sannað þyki að varnaraðili hafi verið sviptur vörslum eða umráðum þeirra. Sóknaraðili hafi því ekki sannað að skilyrði meginreglna veðréttar og ákvæða laga um samningsveð nr. 75/1997 um vörslusviptingu innstæðanna séu uppfyllt, sem sé forsenda þess að um gilda handveðsetningu hafi verið að ræða, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Í öllu falli geti varnaraðili ekki talist sviptur umráðum veðsins í skilningi laganna eftir að staðgreiðslunni var skilað og alls ekki eftir að hinn ofgreiddi fjármagnstekjuskattur hafði verið endurgreiddur varnaraðila. Fjársýslu ríkisins og skattyfirvöldum hafi auk þess verið óheimilt að endurgreiða öðrum en varnaraðila fjármunina. Þegar af þeirri ástæðu hafi veðrétturinn og réttarvernd hans fallið niður við það að staðgreiðslunni var skilað og í síðasta lagi þegar endurgreiðslan fór fram. Þá séu slíkir annmarkar á formi og efni handveðsyfirlýsinganna að öðru leyti að draga verði í efa að þær uppfylli skilyrði laga til að um gilda veðsetningu hafi verið að ræða sem njóta skuli réttarverndar, sbr. t.d. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1997.

Í þriðja lagi byggir varnaraðili á því að sóknaraðili geti ekki átt handveðrétt í fjármunum sem þegar hafi verið greiddir til þriðja aðila, út af þeim innlánsreikningum sem tilgreindir séu í handveðsyfirlýsingunum. Teljist handveðsetning innstæðnanna hafa verið gild, hafi hún augljóslega fallið úr gildi eftir að hluta þeirra hafi verið ráðstafað til íslenska ríkisins til greiðslu á fjármagnstekjuskatti. Við þá ráðstöfun fjármunanna til þriðja aðila hafi skilyrði handveðsetningarinnar ekki lengur verið uppfyllt, með vísan til meginreglna veðréttar og ákvæða laga um samningsveð, sbr. 22. gr. laganna. Beri því að hafna varakröfu sóknaraðila.

Í fjórða lagi kveðst varnaraðili byggja á ákvæðum og skilmálum handveðsyfirlýsinganna tveggja. Því sé mótmælt að hinn endurgreiddi fjármagnstekjuskattur hafi verið veðsettur sóknaraðila á grundvelli 4. gr. handveðsyfirlýsinganna eða annarra ákvæða þeirra. Fullyrðingar sóknaraðila um veðsetningu endurgreidds fjármagnstekjuskatts séu ósannaðar og styðjist hvorki við ákvæði handveðsyfirlýsinganna, né við ákvæði annarra samninga aðila málsins, enda hafi aldrei verið samið um slíka handveðsetningu. Það sé skilyrði veðsetningar að hún byggist á gildum veðsamningi þar sem hið veðsetta sé sérstaklega tilgreint. Það skilyrði sé ekki uppfyllt í málinu. Samkvæmt 1. gr. handveðsyfirlýsinganna beggja hafi varnaraðili sett innstæðu sína „eins og hún er á sínum tíma“ að handveði til tryggingar á öllum skuldum sínum gagnvart sóknaraðila. Í 4. gr. segi: „Handveðréttur veðhafa nær til hvers konar arðs af hinu veðsetta. Handveðréttur nær til allrar innstæðu bankareikningsins, hverju nafni sem nefnist hvort sem um höfuðstól, vexti, verðbætur eða annað er að ræða.“ Hið handveðsetta hafi því verið innstæður varnaraðila, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, eins og þær voru á hverjum tíma á innlánsreikningum varnaraðila. Veðsetningin hafi því takmarkast við fjárhæð þeirra innstæðna sem settar hafi verið að handveði eins og þær voru á hverjum tíma, þ. á m. þegar sóknaraðili hafi gengið að veðunum. Um víðtækari veðsetningu hafi ekki verið samið í því kröfuréttarsambandi sem aðilar málsins hafi stofnað til við gerð handveðsyfirlýsinganna. Mótmælir varnaraðili því að andlag veðréttindanna hafi ekki verið „sú krafa á Landsbankann hf. sem felst í innstæðu reikningsins sem slíkri heldur hin peningalega eign sem hún hafi falið í sér hvað það sem sú eign breytist í“.

Varnaraðili bendir á að handveðsyfirlýsingarnar tvær séu á stöðluðum eyðublöðum undir nafni sóknaraðila og beri þess merki að hafa verið samdar af honum sjálfum, en sóknaraðili sé fjármálafyrirtæki. Gera verði ríkar kröfur til slíkra fyrirtækja um að veðsamningar sem þeir geri séu skýrir og glöggir og feli í sér ótvíræðar sannanir fyrir þeim veðréttindum sem um ræði og falli undir skilmála veðsamninganna. Allan vafa um inntak réttinda sóknaraðila verði því að meta varnaraðila í hag. Þess sé hvergi getið í 4. gr. handveðsyfirlýsinganna að veðsetningin nái til ofgreiddra skatta, hverju nafni sem þeir nefnist, eða til endurgreiðslna vegna þeirra. Varnaraðili telji að til þess að sá handveðréttur sem sóknaraðili krefjist viðurkenningar á kynni með einhverjum hætti að taka til endurgreiðslna á fjármagnstekjuskatti eða öðrum sköttum hefði að lágmarki verið nauðsynlegt að semja um þá veðsetningu sérstaklega og tilgreina hana með skýrum og ótvíræðum hætti í þeim handveðsyfirlýsingum sem varakrafa sóknaraðila byggist á, með vísan til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar, en einnig til meginreglna veðréttar, sbr. 2.-4. gr. laga um samningsveð. Slík samningsákvæði eða slíka tilgreiningu sé ekki að finna í handveðsyfirlýsingunum, hvorki í 4. gr., né í öðrum ákvæðum þeirra. Þar sem slíka tilgreiningu skorti algjörlega, og sönnun fyrir veðrétti sóknaraðila sé hvorki ótvíræð né skýr, beri að hafna kröfu hans. Geti hún ekki notið réttarverndar samkvæmt meginreglum veðréttar og ákvæðum laga um samningsveð.

Í fimmta lagi vísar varnaraðili til þess að fjármagnstekjuskattur sé skattur sem innheimtur sé á grundvelli ákvæða laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skattstofninn sem fjármagnstekjuskatturinn sé reiknaður af sé m.a. vaxtatekjur. Slíkur skattur geti lögum samkvæmt ekki talist undirorpinn eða verið

háður veðrétti sóknaraðila með þeim hætti sem hann haldi fram. Í öllu falli hafi hann ekki sýnt fram á að slík veðsetning sé heimil lögum samkvæmt. Þá sé enga heimild að finna í skattalöggjöfnni fyrir endurgreiðslu skatts til annars en gjaldanda hans. Samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 94/1996 gildi ákvæði VIII. kafla laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda um m.a. „uppgjör staðgreiðslu“. Í þeim kafla segi í 36. gr. að ríkisskattstjóri geri „endurgreiðsluskrá yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni álagningu“. Sú skrá skuli send Fjársýslu ríkisins sem „sér um endurgreiðslu“ eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllnum sköttum hafi farið fram. Byggir varnaraðili á því að engin heimild sé í skattalöggjöfnni til að endurgreiða öðrum en gjaldendum. Skattyfirvöld hafi t.d. enga heimild til að halda skrá yfir gjaldendur sem kunni að hafa ávísað endurgreiðslum til þriðja manns, né sé þeim heimilt að álíta þær óafturkræfar. Hvorki sóknaraðili né Landsbankinn hf. teljist gjaldandi í þessum skilningi heldur hvíli einungis skylda á innlánsstofnunum að skila staðgreiðslunni fyrir hönd gjaldandans, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996. Skattyfirvöldum hafi því beinlínis verið óheimilt að endurgreiða öðrum en varnaraðila þá fjármuni sem um sé deilt í málinu. Tilkall þriðja manns til endurgreiðslu sé því andstætt lögum og endurgreiðslan því ekki undirorpin veðsetningu. Þegar af þeirri ástæðu sé því mótmælt sem röngu að afstaða skiptastjóra til kröfunnar feli í sér óréttmæta auðgun almennra kröfuhafa á kostnað sóknaraðila.

Í sjötta lagi kveðst varnaraðili mótmæla þeirri málsástæðu sóknaraðila að viðurkenna beri veðrétt hans í hinum endurgreidda fjármagnstekjuskatti þar sem í honum felist endurgreiðsla á „arði“ af hinum veðsettu innstæðum. Hún styðjist hvorki við meginreglur veðréttarins né ákvæði 6. gr. laga um samningsveð um töku arðs af veði. Þá skorti alfarið að sóknaraðili hafi fært sönnur fyrir því að endurgreiddur fjármagnstekjuskattur teljist arður í skilningi 4. gr. handveðsyfirlýsinganna, meginreglna veðréttar og 6. gr. laga um samningsveð. Endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts til varnaraðila feli ekki í sér endurgreiðslu vaxta eða leiðréttingu á vaxtatekjum, heldur endurgreiðslu á sköttum sem innheimtir hafi verið af opinberum aðilum lögum samkvæmt. Útilokað sé að líta á endurgreiddan fjármagnstekjuskatt sem arð af hinu veðsetta hvort sem er í hefðbundnum skilningi þess hugtaks, samkvæmt almennum meginreglum veðréttarins, eða samkvæmt ákvæðum laga um samningsveð.

Varnaraðili bendir í sjöunda lagi á að sóknaraðili hafi gengið að innstæðum eins og þær hafi verið á bankareikningum varnaraðila dagana 21. apríl 2010 og 4. maí 2010 og innlánsreikningarnir verið eyðilagðir fyrir tilverknað og að beiðni sóknaraðila. Þar með hafi handveðréttur sóknaraðila fallið niður, enda hafi veðandlögin ekki verið lengur til staðar og þeir innlánsreikningar sem þau hafi verið geymd á ekki lengur til. Þegar sóknaraðili hafi gengið að veðunum hafi hann fengið þær greiðslur sem skilmálar handveðsyfirlýsinganna hafi tryggt honum. Sú greiðsla hafi verið endanleg, enda hafi sóknaraðili hvorki gert áskilnað eða fyrirvara um frekari rétt á grundvelli handveðsyfirlýsinganna tveggja, heldur sæst á að um endanlega greiðslu væri að ræða og eyðilaggt innlánsreikningana í kjölfarið. Með eyðileggingu innlánsreikninganna hafi sóknaraðili girt fyrir að frekari innstæður og þar með frekari veðsett réttindi mynduðust á þeim innlánsreikningum. Í því felist að sóknaraðili hafi leyst hið veðsetta bæði undan veðrétti og réttarvernd. Því sé mótmælt að veðréttur sóknaraðila hafi fjórum árum síðar raknað við og nái nú til annarra og síðar tilkominna fjármuna sem greiddir hafi verið af þriðja aðila til varnaraðila inn á fjárvörslureikning skiptastjóra varnaraðila. Varnaraðila beri engin

skylda að lögum til að skila sóknaraðila þeim fjármunum sem um ræði eins og hann geri kröfu um með vísan til handveðsyfirlýsinganna og meginreglna veðréttarins.

Þá byggir varnaraðili í áttunda lagi á því að frá því að sóknaraðili hafi gengið að hinum veðsettu innstæðum hafi hann engar tilraunir gert til þess að innheimta eða fá umráð þeirra fjármuna sem hann krefjist nú viðurkenningar á veðrétti í. Tómlæti sóknaraðila felist meðal annars í því að hvorki hann né aðilar á hans vegum, s.s. erlendir umsjónarmenn varnaraðila í hinni bresku greiðslustöðvun, hafi gert ráðstafanir til að tryggja að skattframtölum varnaraðila yrði skilað til skattyfirvalda, kafið þau um endurgreiðslu ofgreidds fjármagnstekjuskatts eða tilkynnt að endurgreiðsla hans væri handveðsett sér. Fjármunirnir sem um ræði hafi hvorki verið í umráðum eða vörslum sóknaraðila. Umráð og vörslur þeirra hafi ýmist verið á hendi skattyfirvalda eða varnaraðila sjálfs. Því njóti sá veðréttur sem sóknaraðili krefjist viðurkenningar á ekki réttarverndar í skilningi 2. mgr. 22. gr. laga um samningsveð. Þar við bætist að sóknaraðili hafi ekki beint neinum tilkynningum til skattyfirvalda eða opinberra aðila um veðsetningu fjármunanna. Slík tilkynning sé skilyrði réttarverndar handveðsetningarinnar, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga um samningsveð. Í ljósi þess sé veðrétturinn ekki til staðar og njóti ekki réttarverndar, með vísan til 2. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1997.

Til viðbótar ofangreindum málsástæðum mótmælir varnaraðili þeirri málsástæðu sóknaraðila að þó réttarvernd falli niður sé veðréttur hans engu að síður í fullu gildi. Vísi sóknaraðili þar um til 22. gr. laga nr. 75/1997, auk 72. og 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Byggir varnaraðili á því að það leiði af meginreglum veðréttar að njóti handveð ekki réttarverndar teljist veðrétturinn niður fallinn. Þá vísar varnaraðili til þess að málsástæða sóknaraðila eigi efnislega engan rétt á sér. Forsendan að baki henni hljóti að vera fullnægjandi kröfulýsing innan frests sem lýsir henni. Auk þess geti málatilbúnaður sóknaraðila að þessu leyti engu breytt um að réttindin sem um ræði séu ekki undirorpin veðrétti. Gera verði ríkar kröfur um að sóknaraðili tryggi sér skilríki fyrir réttindum sem njóti ekki réttarverndar. Ekki síst hljóti kröfurnar um þetta að vera miklar þegar um handveð er að ræða þar sem veðhafi hafi látið frá sér veðið og eyðilagð aðalandlag þess fyrir fullt og allt. Tilvísun sóknaraðila til ákvæða 22. gr. laga nr. 75/1997 og ákvæða 72., 111., 137. og 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti breyti engu þar um.

Þá mótmælir varnaraðili því að þó svo að staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts, samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, feli í sér bráðabirgðagreiðslu upp í væntanlegan álagðan tekjuskatt eða önnur opinber gjöld, þá leiði sú staðreynd að breytingar kunni að verða á endanlegum fjármagnstekjuskatti varnaraðila ein og sér ekki til þess að veðréttur sóknaraðila, sem ekki hafi verið samið um, stofnist í ofgreiddum fjármagnstekjum komi til endurgreiðslu þeirra.

Því sé enn fremur mótmælt að líta beri á endurgreiddan fjármagnstekjuskatt sem verðmæti sem hafi komið í stað hins upphaflega veðandlags, þ.e. innstæðna varnaraðila á bankareikningum hans. Innstæður á innlánsreikningum varnaraðila verði ekki lagðar að jöfnu við skatta sem innheimtir séu lögum samkvæmt. Málatilbúnaður sóknaraðila að þessu leyti standist ekki skoðun og styðjist ekki við gildar réttarheimildir. Varakrafa sóknaraðila verði heldur ekki byggð á meginreglum veðréttar um réttaráhrif þess að hið veðsetta skemmist, farist eða eyðileggist, þegar af þeirri ástæðu að innlánsreikningarnir hafi verið eyðilagðir fyrir

tilverknað sóknaraðila sjálfs. Hallann af því verði sóknaraðili sjálfur að bera, en geti ekki byggt á henni rétt.

Varnaraðili vísi til almennra meginreglna eignarréttar og 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Jafnframt vísi hann til almennra meginreglna samninga-, kröfu- og veðréttar, ákvæða laga nr. 75/1997 um sammingsveð, einkum 3. gr., 6. gr., 3. mgr. 7. gr. og 2. og 3. mgr. 22. gr., en einnig til ákvæða IV. kafla laganna. Einnig sé vísað til ákvæða laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, einkum 4. mgr. 9. gr. laganna, laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., s.s. 72. og 73. gr., og laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Um sönnun og sönnunarbyrði sé vísað til meginreglna VI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Málskostnaðarkrafa varnaraðila sé byggð á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnaðarfjárhæðina styðjist við ákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu deila aðilar um hvort viðurkenna beri eignarrétt eða veðrétt sóknaraðila í fjármunum sem endurgreiddir hafa verið varnaraðila vegna staðgreiðslu á fjármagnstekjuskatti eða munu verða endurgreiddir honum síðar á grundvelli mála sem bíða afgreiðslu ríkisskattstjóra.

Fyrir liggur að sóknaraðili lýsti kröfu í bú varnaraðila með kröfulýsingu 21. maí 2012 vegna lánasamninga og sjálfskuldarábyrgða. Til frádráttar kröfunni komu meðal annars greiðslur af nánar tilteknum innlánsreikningum varnaraðila á grundvelli handveðsyfirlýsinga svo sem áður hefur verið lýst. Kröfu sóknaraðila var lýst sem veðkröfu í bú varnaraðila, sbr. 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en um veðrétt var vísað til hjálagðra veðsamninga og handveðsyfirlýsinga. Þá var, að því marki sem veðsettar eignir hrykkju ekki fyrir greiðslu krafanna, þeim lýst sem almennum kröfum, sbr. 113. gr. laganna.

Í 1. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 er mælt svo fyrir að sá sem vill halda uppi kröfu á hendur þrotabúi skuli lýsa henni fyrir skiptastjóra. Í 2. mgr. sömu greinar eru nánari fyrirmæli um það hvernig slík kröfulýsing skuli vera úr garði gerð. Þar á meðal kemur þar fram að kröfur skuli tilteknar svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vextir í krónum og hveðrar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð. Varnaraðili hafði í kröfulýsingu og fyrir skiptastjóra uppi kröfu á grundvelli veðréttar samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991, en hér fyrir dómi hefur hann aðallega krafist viðurkenningar á eignarrétti sínum, sbr. 109. gr. sömu laga, en til vara veðrétti samkvæmt 111. gr. Samkvæmt 4. tölulið 118. gr. laganna fellur krafa ekki niður þótt henni sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests sé um kröfu að ræða samkvæmt 109. gr. Aðalkrafa sóknaraðila byggist á því að með því að hann hafi gengið að innstæðum á reikningum varnaraðila hafi eignarréttur á því sem fallið hafi undir handveðið færst til sóknaraðila. Með því hafi hann öðlast eignarrétt yfir öllu hinu veðsetta, þar á meðal fjármunum í vörslum þriðja manns. Dómurinn telur sóknaraðila ekki hafa fært neinar sönnur eða haldbær rök fyrir því að skapast hafi

eignarréttur honum til handa í umræddum fjármunum. Þannig verður eignarréttur hans hvorki leiddur af handveðsyfirlýsingunum sjálfum né öðrum réttar- eða eignarheimildum. Verður aðalkröfu sóknaraðila því hafnað.

Ljóst er af kröfulýsingu sóknaraðila að á grundvelli handveðsyfirlýsinga taldi sóknaraðili sig eiga veðrétt í tilteknum fjárhæðum sem hann hafði þegar gengið að og komu til frádráttar öðrum kröfum hans á hendur varnaraðila. Eru innlánsreikningar varnaraðila hjá sóknaraðila þar tilgreindir ásamt þeim fjárhæðum sem til frádráttar komu við útreikning kröfunnar og getið þeirra handveðsyfirlýsinga sem um er að ræða. Þykir kröfu á grundvelli veðréttar því vera nægjanlega lýst í kröfulýsingu og verður kröfu sóknaraðila því ekki hafnað á þeim grundvelli eins og varnaraðili byggir á. Þá verður hvorki fallist á að umræddar handveðsyfirlýsingar séu ekki gildar handveðsetningar samkvæmt meginreglum veðréttar og ákvæðum laga nr. 75/1997 né að nokkrir slíkir annmarkar séu á formi þeirra og efni að ekki geti talist um gilda handveðsetningu að ræða er uppfylli skilyrði áður nefndra laga. Er sjónarmiðum varnaraðila þar að lútandi því hafnað. Að lokum er ljóst að krafa sóknaraðila hefur fengið lögbundna meðferð hjá skiptastjóra á grundvelli 121. gr. og 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991.

Til vara byggir sóknaraðili á því að hann eigi veðrétt í fjármununum á grundvelli framlagðra handveðsyfirlýsinga. Hefur varnaraðili byggt kröfu sína, um að þessari kröfu sóknaraðila verði hafnað, m.a. á því að við fullnustu handveðréttar sóknaraðila í innstæðum á innlánsreikningunum tveimur, ráðstöfun þeirra til sóknaraðila og í kjölfarið með eyðileggingu þeirra hafi handveðréttur sóknaraðila og réttarvernd hans fallið niður, enda veðandlögin ekki lengur til staðar og þeir innlánsreikningar sem þau voru geymd á ekki lengur til.

Hvað varakröfu sóknaraðila varðar eru það fyrst og fremst handveðsyfirlýsingarnar sjálfar og orðalag þeirra sem sker úr um það hvaða kröfur veðrétturinn tryggir og hversu umfangsmikill veðréttur sóknaraðila sé, þ.e. til hvaða verðmæta hann nær. Samkvæmt 1. gr. handveðsyfirlýsinganna setti varnaraðili sóknaraðila að handveði innstæðu á bankareikningum nr. 0106-28-200124 og nr. 0111-15-380723, eins og hún var á hverjum tíma. Sóknaraðili byggir rétt sinn á 4. gr. yfirlýsinganna, þar sem segir að handveðréttur veðhafa nái til hvers konar arðs af hinu veðsetta. Þannig nái veðrétturinn til allrar innstæðu bankareikninganna, hverju nafni sem nefnist og hvort sem um höfuðstól, vexti, verðbætur eða annað sé að ræða.

Í samræmi við framangreint orðalag handveðsyfirlýsinganna tveggja voru það innstæður varnaraðila á bankareikningum hans sem settar voru sóknaraðila að handveði. Hugtakið „innstæða“ er skilgreint í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en þar kemur fram að með innstæðu sé átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun.

Óumdeilt er að fjármagnstekjuskattur sá sem hefur verið endurgreiddur varnaraðila og sá sem hann hefur óskað endurgreiðslu á var dreginn af framangreindum innlánsreikningum varnaraðila. Kröfur sóknaraðila byggjast á því að veðréttindi samkvæmt handveðsyfirlýsingunum nái til fleiri eigna en innstæðna

bankareikninganna. Samkvæmt skýru orðalagi handveðsyfirlýsinganna voru það innstæður á innlánsreikningunum á hverjum tíma sem settar voru sóknaraðila að handveði, þ.m.t. sá arður og þeir vextir sem féllu til og urðu hluti innstæðunnar. Geta veðréttindi sóknaraðila ekki náð til þeirra fjármuna sem ráðstafað var af reikningunum vegna staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, jafnvel þótt mögulegt væri að fjárhæðin yrði endurgreidd varnaraðila við álagningu opinberra gjalda. Þá er með engu móti hægt að fallast á þau sjónarmið sóknaraðila að endurgreiðslurnar hafi falið í sér arð eða vexti af hinu veðsetta hvorki í skilningi handveðsyfirlýsinganna sjálfra né samkvæmt ákvæðum laga um samningsveð eða meginreglum veðréttar. Er málsástæðum sóknaraðila hvað þetta varðar því hafnað. Skiptir þá ekki máli hvers eðlis staðgreiðsla og endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts er eins og aðilar hafa deilt um.

Í handveðsyfirlýsingunum kemur skýrt fram að miðað verði við innstæðuna eins og hún sé á hverjum tíma. Ekkert í handveðsyfirlýsingunum sjálfum gefur til kynna að samið hafi verið um víðtækari handveðrétt en orðalag þeirra segir til um. Þá er ekkert annað fram komið í málinu sem bendir til slíks. Sóknaraðili getur því ekki leitt svo víðtækan handveðrétt sem hann krefst í máli þessu af handveðsyfirlýsingunum sjálfum. Er kröfum sóknaraðila þar að lútandi því hafnað.

Fyrir liggur í málinu að sóknaraðili kaus að ganga að handveðinu og leysti til sín innstæður reikninganna eins og þær voru 21. apríl og 4. maí 2010. Í kjölfarið var reikningunum lokað og ómögulegt að leggja fjármuni inn á þá. Verður að telja að með þessum ráðstöfunum hafi handveðsetningin fallið niður og sóknaraðili því ekki átt frekari kröfur gagnvart varnaraðila á grundvelli handveðsyfirlýsinganna. Sóknaraðili hefur einnig byggt á því að endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts sem þegar hefur átt sér stað og endurgreiðsla sem mun eiga sér stað, séu verðmæti sem komi í stað hins upphaflega veðandlags og hann eigi veðrétt í þeim verðmætum. Vísar hann til meginreglna veðréttar hvað þetta varðar, um t.d. tryggingabætur þegar hið veðsetta skemmist eða farist og m.a. til dóma Hæstaréttar frá 14. mars 2013 í málinu nr. 533/2012 og 16. september 2013 í málinu nr. 543/2013. Ekki þykir unnt að fallast á þá málsástæðu sóknaraðila að umræddar endurgreiðslur hafi komið í stað hins veðsetta í skilningi veðréttar. Þá þykja aðstæður í umræddum dómum Hæstaréttar ekki vera sambærilegar við atvik í þessu máli þar sem fyrir liggur að sóknaraðili ákvað að ganga að handveðinu á tilteknum tíma og að innstæðunum eins og þær voru þá og reikningarnir eyðilagðir í kjölfarið. Leið veðréttur sóknaraðila þar með undir lok og átti sóknaraðili í kjölfarið ekki neitt lögmætt tilkall til frekari greiðslna úr hendi varnaraðila á grundvelli handveðréttarins. Telur dómurinn ljóst að semja hefði þurft um það sérstaklega að veðréttur sóknaraðila næði til umræddra endurgreiðslna. Þá verður einnig að hafa í huga að umræddar endurgreiðslur féllu til allnokkru eftir að sóknaraðili gekk að handveðinu og leysti til sín innstæður reikninganna eða um tveimur og hálfu ári síðar. Er þeirri málsástæðu sóknaraðila að umræddar endurgreiðslur teljist verðmæti sem komi í stað hins upphaflega veðandlags því einnig hafnað. Þá verður ekki fallist á að afstaða skiptastjóra til kröfu sóknaraðila feli í sér óréttmæta auðgun almennra kröfuhafa á kostnað sóknaraðila. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því varakröfu sóknaraðila, um að hann njóti veðréttar í framangreindum fjárhæðum, einnig hafnað.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir eftir atvikum, og með hliðsjón af umfangi málsins, vera hæfilega

ákveðinn 600.000 krónur.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Kröfum sóknaraðila, LBI hf., á hendur varnaraðila, þrotabúi BG Holding ehf., er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 600.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir